


Landlínur,
b.t. Sigurbjargar Óskar,
Borgarbraut 61,
310 Borgarnesi

Reykjavík, 15. júní 2021

Efni: Afrit af bréfi til Borgarbyggðar.

Að ósk umbj. míns, Páls Björgvinssonar arkitekts, sendi ég meðfylgjandi afrit af bréfi rituðu fyrir hans hönd til Borgarbyggðar varðandi mál sem varða deiliskipulag í landi Urriðaár.

Virðingarfyllst,



Hlynur Jónsson lögmaður

Borgarbyggð,
b.t. Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur sveitarstjóra,
Borgarbraut 14,
310 Borgarnesi

Reykjavík, 15. júní 2021

Varðar: Deiliskipulag í landi Urriðaár, Borgarbyggð.

Ég gæti hagsmuna Páls Björgvinssonar arkitekts, kt. 050953-3439, til heimilis í Noregi, en hann hefur falið mér að skrifa sveitarfélaginu bréf þetta vegna mála sem varða deiliskipulag í landi Urriðaár í Borgarbyggð.

Umbj. minn er höfundur deiliskipulags dags. 27. október 2000 fyrir framangreint landsvæði, en það var samþykkt í bæjarráði Borgarbyggðar þann 12. desember s.á., sbr. meðfylgjandi uppdrátt, og á umbj. minn þess vegna að því höfundarrétt. Vísast um það m.a. til ákvæða höfundalaga nr. 73/1972, einkum 3. mgr. 1. gr. laganna.

Umbj. minn hefur fengið upplýsingar um að framangreindur höfundarréttur hans hafi verið virtur að vettugi af hálfu sveitarfélagsins undanfarin ár. Þannig hafi ýmsar breytingar verið gerðar á skipulaginu án þess að þær hafi verið bornar undir hann til samþykktar.

Meðal breytinga sem gerðar hafa verið á skipulaginu má nefna breytingu á skilmálum deiliskipulagsins um húsagerð á árinu 2018, breytingu á lóðamörkum Brókarstígs 11 og 13 ásamt byggingarreitum þeirra frá árinu 2019, auk nýlegrar breytingar á skilgreiningu vatnsbóls, legu vegar, lóðarmörkum þriggja lóða og byggingareitum, sem samþykkt var í apríl sl. Auk framangreinds hefur umbj. minn fengið upplýsingar um að frekari breytingar á deiliskipulaginu séu til meðferðar hjá sveitarfélaginu. Í flestum tilvikum hafi verið notast við teikningar umbj. míns og gerðar á þeim breytingar.

Með framangreindum breytingum hafa lóðir verið færðar til, byggingarreitir færðir eða minnkaðir, húsagerðum breytt og vegstæði færð til. Þegar allar þessar breytingar eru metnar saman er ljóst að um verulegt frávík er að ræða frá upphaflegum skipulagsuppdrætti.

Samkvæmt framangreindum lögum um höfundarrétt er óheimilt að breyta verki höfundar, eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni, sbr. 4. gr. laganna. Nánari umfjöllun um þetta má svo finna í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögunum, en þar kemur m.a. fram að slíkar breytingar megi ekki draga úr listgildi verks, eða vera til þess fallnar að skerða höfundarsérkenni þess, sem verkið hefur samið. Það gildi bæði um form verks og efni og sé óháð því hvort breytingin yrði almennt talin vansæmandi. Þegar brotið sé gegn þessum rétti höfundar geti hann átt rétt til miskabóta.

Umbj. minn telur að breytingar þær, sem gerðar hafa verið á skipulaginu, raski heildarsvip og ásýnd landsins við Urriðaá, og feli í sér verulegt frávik frá skipulaginu sem hann dró upp og samþykkt var af sveitarstjórn árið 2000. Þetta feli í sér brot gegn höfundarétti hans að skipulaginu sem sveitarfélagið beri ábyrgð á.

Kveðið er á um bótaskyldu þess sem brotið hefur gegn ákvæðum höfundalaga af ásetningi eða gáleysi í 1. mgr. 56. gr. höfundalaga. Þar segir enn fremur að þótt brot hafi verið framið í góðri trú sé heimilt að ákveða þeim sem hafi orðið fyrir tjóni bætur úr hendi hins brotlega.

Í 2. mgr. 56. gr. laganna segir svo að við ákvörðun bóta skv. 1. mgr. skuli ekki aðeins miða við það beina fjárhagstjón sem höfundur hafi orðið fyrir, heldur beri auk þess að líta til þess fjárhagslega hagnaðar sem hinn brotlegi hafi haft af brotinu. Verði ekki færðar sönnur á tjón brotþola eða hagnað hins brotlega skuli ákveða bætur að álitum.

Í 3. mgr. lagagreinarinnar kemur svo fram að dæma megi höfundi miskabætur vegna brots gegn lögunum.

Umbj. minn fer fram á að sveitarfélagið breyti skipulaginu aftur í fyrra horf við fyrsta tækifæri, en að öðrum kosti greiði það bætur til umbj. míns í samræmi við fyrrgreind ákvæði höfundalaga. Óskar umbj. minn eftir afstöðu sveitarfélagsins til framangreinds eigi síðar en 25. júní nk. Berist ekki svör fyrir þann tíma mun umbj. minn leita réttar síns eftir öðrum leiðum með tilheyrandi kostnaði, sem gerð verður krafa um að sveitarfélagið bæti honum að fullu.

Virðingarfyllst,



Hlynur Jónsson lögmaður